

# SKIMUN FYRIR SÝKINGUM Á MEÐGÖNGU

Öllum barnshafandi konum er boðin skimun fyrir eftirfarandi sýkingum í fyrstu skoðun í mæðraavernd:

- Einkennalausri sýklamigu
- Lifrabólguveiru B
- Lifrabólgu C
- HIV
- Rauðum hundum
- Sárasótt (syphilis)

Mikilvægt er að skimað sé fyrir öllum ofangreindum sjúkdómum þar sem markmiðið er að finna einkennalaus sjúkdóma svo hægt verði að meðhöndla þá með velferð ófædda barnsins í huga.

Að auki er boðið upp á skimun fyrir klamydíu og fjölónæmum bakteríum hjá konum með áhættuþætti. Sjá [Mat á áhættuþáttum](#)